

komudagur 18.1.2001

Hnjóti 18.01.01

Menntamálanefnd Alþingis

Umsögn um frumvörp til þjóðminjalaga; safnalaga; laga um húsafriðun; laga um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa.

Frumvarp til þjóðminjalaga

Í frumvarpinu kemur fram tilhneiging til að aðgreina betur en verið hefur embættaskyldur þjóðminjavörslunnar og fræðilegar skyldur og er það vel. Það má ætla að það valdi óþarfa truflun og togstreitu sé þessu tvennu um of blandað saman. Því er lagt til að gengið verður enn lengra í þessum efnum en gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Þannig verði embætti þjóðminjavarðar og þjóðminjasafnið, höfuðsafn þjóðminjavörslunnar, tvær aðgreindar stofnanir. Þjóðminjavörður og safnstjóri þjóðminjasafn Íslands séu hvor um sig skipuð af menntamálaráðherra. Með þeim hætti á þjóðminjasafnið mun betur með að verða fræðilegur leiðtogi þjóðminjavörslunnar en ef það heyrir beint undir embætti þjóðminjavarðar. Með þessu er einnig verið að forðast hugsanlegar ásakanir um hlutdrægni þjóðminjavarðar í málefnum þar sem þjóðminjasafnið er í beinni samkeppni við aðra minjastarfsemi í landinu.

Sé þessi leið farin þarf að skilgreina betur skipulag á embætti þjóðminjavarðar og þess gætt að embættið hafi faglegt bolmagn til að sinna embættaskyldum sínum með ágætum.

X Frumvarp til safnalaga

Í frumvarpinu kemur ekki fram hlutverk þjóðminjavarðar gagnvart safnaráði er varðar þjóðminjavörsluna. Safnaráði er m.a. ætlað það hlutverk að hafa eftirlit með söfnum í eigu ríkisins og söfnum sem hljóta ríkisstyrk. Spurning er hvort ekki sé eðlilegra að embætti þjóðminjavarðar hafi þetta hlutverk með höndum gagnvart þeim söfnum sem heyra undir embættissvið þess. Safnaráð byggir úrskurði sína um málefni minjasafna og úthlutanir til þeirra úr safnasjóði á mati þjóðminjavarðar. Ef söfnum finnst málum sínum hallað í mati þjóðminjavarðar þá hafa þau tækifæri til að gera grein fyrir sínum málum fyrir safnaráði og geta þannig fengið leiðréttingu á sínum málum ef á þau hallar að mati safnaráðs.

Í 10. gr. frumvarpsins er fjallað um styrki til safna úr safnasjóði. Í núverandi þjóðminjalögum tekur rekstrarstyrkur til viðurkenndra safna mið af launum forstöðumanns. Ókosturinn við ofangreint viðmið er að laun forstöðumanns eru einungis hluti af fastakostnaði við rekstur safna. Kostur núverenda laga er þó að í þeim hefur löggjafinn tilgreint ákveðin viðmið sem söfn hafa getað gengið að nokkuð vísu við gerð fjáráætlana. Því er lagt til að í frumvarpinu verði skilgreindur viðmiðunarrámi við úthlutun rekstrarstyrkja til safna. Skal þar taka mið af fastakostnaði við rekstur safna s.s. kostnaði vegna húsnæðis, launakostnaði vegna fastra stöðugilda, almenns rekstrar og safnastarfsemi.

Einnig getur verið heppilegt að skilgreina ákveðna jöfnunarþætti í lögnum með tilliti til ýmissa ytri þátta er snúa að möguleikum safna til sjálfsaflafjár. Söfn eru t.d. misjafnlega vel í sveit sett gagnvart mögulegum gestafjölda ár hvert án þess að það hafi áhrif á menningarlegt gildi þeirra. Sveitfélögin sem standa að baki þeim geta orðið fyrir fjárhagslegum skakkaföllum sem setur rekstur þeirra í tímabundið uppnám o.s.frv.

Réttlætingin að baki slíkum jöfnunargjöldum er að söfn eru stofnanir sem eru rekin án hagnaðarsjónarmiða. Þau réttlætast af menningar- og fræðslugildi sínu og því eðlilegt að löggjafinn sjái til þess að öll viðurkennd söfn njóti jafnra möguleika að rækja þetta hlutverk sitt.

Um verkefnastyrki gildir annað. Þar er eðlilegt að söfn keppi sín á milli um ágæti sérverkefna og góðar hugmyndir, frumkvæði og áræði séu verðlaunuð sérstaklega.

Frumvarp til laga um húsafriðun
Engar athugasemdir.

Frumvarp til laga um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil á menningarverðmætum til annarra landa.
Engar athugasemdir.

Lokaorð

Ég tel nauðsynlegt að í þjóðminja- og safnalögnum sé fjallað sérstaklega um varðveislu á stórum og viðhaldsfrekum menningarminum s.s. stórum skipum og flugvélum. Þessi nútímatæki eru oft á tíðum dýrari og viðhaldsfrekari en hús sem er fjallað sérstaklega um í sér lögum. Má í því sambandi skilgreina sérstakan fjárlagaliði undir safnasjóðnum sem tekur sérstaklega á þessum málum. Um þá liði geta gilt sérreglur hvað varðar sértekjur liðsins og úthlutun.

Virðingarfyllst



Jóhann Ásmundsson, safnstjóri
Minjasafns Egils Ólafssonar að Hnjóti í Örlygshöfn